

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2011



skógarpröstur



vindrossel



rødvingetrost



rödvingetrast



óðinshani

Mynd á forsíðu

Skógarþröstur eftir Jón Baldur Hlíðberg



EFNISYFIRLIT

	bls.
FYLGIT ÚR HLAÐI	3
SKIPULAG OG SKIPURIT	4
STARFSÁÆTLUN 2011–2013	5
OPNUN ISLEX	7
HANDRIT ÞJÓÐMINJASAFNS	8
HANDRITIN Í FRANKFURT	9
LIFANDI GAGNASÖFN	10
RANNSÓKNIR	12
SAMSTARF INNANLANDS	16
MÍÐLUN OG KENNSLA	18
SUMARIÐ 2011	23
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	24
VIÐBURÐIR 2011	26



FYLGJT ÚR HLAÐI



Verkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru spennandi, fjölbreytt og brýn. Stofnunin geymir eitt mikilvægasta safn þjóðarinnar, ekki aðeins merk handrit Árna Magnússonar, heldur einnig söfn á sviði þjóðfræði, örnefna og íslenskrar tungu og rækir skyldur sínar sem alþjóðleg miðstöð á sviði íslenskra fræða og miðlunar íslenskrar menningar.


Íslensk fræði marka víða spor í íslensku samfélagi. Afraksturinn skilar sér í öflugri bókaútgáfu, fjölmiðlum, kvikmyndum, tónleikum, sýningum, jafnvel í sprotafyrirtækjum; í kennslu á öllum skólastigum og margmiðlun; veitir mikilvægu og nýju efni inn í ferðaþjónustu, sívaxandi afþreyingariðnað og upplýsingamiðlun. Starf Árnastofnunar byggir undirstöður undir allt þetta mikla nýsköpunarstarf, við miðlun einstæðra frumgagna í opnum aðgangi, í rannsóknum, í fræðslustarfi heima og erlendis, í sköpun aðstöðu og í stuðningi við þá sem sinna fræðistörfum og miðlun. Svo mætti lengi telja. Miklu skiptir að búa vel að stofnuninni svo að hún geti sinnt hlutverki sínu með myndarskap en niðurskurður síðustu ára hefur gengið nærri stofnuninni svo að forgangsraða hefur þurft brýnustu verkefnum.

Við sem störfum á vettvangi íslenskra fræða spyrjum sífellt hvernig við miðlum best minningum þjóðarinnar um aldir og þeirri margvíslegu tjáningu (í orði, tónlist og mynd) sem geymd er í handritum og hljóðupptökum, skjólum og örnefnaskrá, í gömlum og nýjum orðum, hvernig við ræktum og eflum tjáningu okkar og hvernig við skilgreinum íslenska menningu. Áhersla stofnunarinnar á opinn aðgang að gögnum stofnunarinnar, rannsóknir, miðlun og samstarf sýnir ríkan vilja hennar til að íslenskur menningararfur sé og verði lifandi og nýskapandi í samtímanum.

Guðrún Nordal forstöðumaður

Í töskunni má sjá tuttugu svarta vaxhólka og sjö ljósari hólka. Tónlist hefur verið á þeim svörtu þegar þeir voru keyptir. Hljóðritað var á Siglufirði á sex af ljósari hólkunum, á árunum 1906–1909.

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



SKIPULAG OG SKIPURIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Skipulag stofnunarinnar markast af forsögu hennar í fimm stofnunum og því að hún hefur enn þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Auk þess er handritasýning í Þjóðmenningarhúsi. Þegar stofnunin flyst í Hús íslenskra fræða verður hægt að einfalda skipurit hennar.

Stjórn stofnunarinnar er forstöðumanni til ráðgjafar. Stjórnina skipa Lára Magnúsdóttir formaður og Ásgrímur Angantýsson varaformaður, tilnefnd af mennta- menningarmálaráðherra, og Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius, tilnefnd af Háskóla Íslands. Fastráðnir starfsmenn í árslok 2011 voru 36.

STARFSMENN Á ÁRINU 2011

Forstöðumaður

Guðrún Nordal

Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

Handritasvið

Svanhildur Óskarsdóttir, Einar G. Pétursson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson, Hersteinn Brynjólfsson, Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Kristján Eiríksson, Ludger Zeevaert, Margrét Eggertsdóttir, Sigurgeir Steingrímsson, Soffía Guðný Guðmundsdóttir, Svanhildur Gunnarsdóttir, Sverrir Tómasson, Þórunn Sigurðardóttir

Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, Ágústa Þorbergsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, Jónína Hafsteinsdóttir

Orðfræðisvið

Guðrún Kvaran, Ásta Svavarsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson, Halldóra Jónsdóttir, Hjördis Stefánsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Kristín Bjarnadóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórdís Úlfarsdóttir

Þjóðfræðisvið

Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir

Stjórnsýslusvið

Kári Kaaber, Bessi Aðalsteinsson, Guðmundur Auðunsson, Guðmundur G. Guðmundsson, Helga Ingvarsdóttir, Ríkarður Owen, Rósa Sveinsdóttir, Sigurður Valtýsson, Ævar Sigurðsson

Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir

STARFSÁÆTLUN 2011–2013



Takmarkaður mannaflí og þrengri fjárhagur stofnunarinnar til skemmri tíma hefur kallað á skýra forgangsróðun og markvissa aðgerðaáætlun til að uppfylla markmið í stefnu stofnunarinnar. Ljóst er að stofnunin hefur ekki bolmagn til að sinna öllum þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum. Með hliðsjón af stefnunni, sem samþykkt var í apríl 2008, er meginhlutverkum stofnunarinnar skipt í fjóra flokka: Öflun gagna og varðveislu, Rannsóknir, Miðlun og Samstarf. Á vinnufundi allra starfsmanna haustið 2010 var verkefnum á hverju sviði forgangsraðað, auk þess sem leitast var við að benda á mögulegt samstarf á milli sviða og við aðila utan stofnunar við úrlausn þeirra. Sú forgangsróðun liggur til grundvallar starfsáætlun stofnunarinnar 2011–2013 sem var samþykkt á starfsmannafundi í mars 2011. Starfsáætlunin varðar þau verkefni sem starfsmenn vinna sameiginlega.

Í starfsáætlun er ekki fjallað um þau rannsóknarverkefni sem þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa vinna í rannsóknarhluta starfsins þótt þau verkefni tengist meginhlutverki stofnunarinnar. Þar eru heldur ekki tilgreind reglubundin langtíma verkefni sem tengjast öryggi gagnasafna stofnunarinnar og eðlilegu viðhaldi þeirra. Lítið er á þau sem forgangsverkefni á öllum tímum. Niðurskurður í fjárveitingum hefur hægt á mikilvægri þróunarvinnu innan stofnunarinnar, einkum hvað varðar rafræna miðlun gagna. Stofnunin hefur ekki tölvudeild né tölvufræðing í fullri vinnu sem getur sinnt hugbúnaðargerð eða þjónustu við hin stafrænu söfn. Það er markmið stofnunarinnar að í lok ársins 2013 verði kominn til starfa tölvufræðingur við stofnunina.



Stór hluti ISLEX-hópsins fyrir framan Norræna húsið 16. nóvember 2011. Á myndinni eru fulltrúar Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Aftasta röð frá vinstri: Þorsteinn Indriðason (N), Helge Sandøy (N), Lars Trap-Jensen (D), Jón Hilmar Jónsson (Í), Bo Ralph (S), Guðrún Kvaran (Í), Silje Beite Løken (N). Miðröð: Halldóra Jónsdóttir (Í), Hákan Jansson (S), Ylva Hellerud (S), Jørn Lund (D), Astrid Kjetså (N). Fremsta röð: Tone Myklebost (N), Liisa Theilgaard (D), Anna H. Hannesdóttir (S), Þórdís Úlfarsdóttir (Í), Aldís Sigurðardóttir (D), Margunn Rauset (N).

OPNUN ISLEX – STÓRVIÐBURÐUR Í NORRÆNU SAMSTARFI

selur no kk

→ **selur**



→ **selur**

☑ sel

☑ sel

☑ sel

☑ sál

↔ köpur, selur

<en> verður ekki um sel

☑ <eg> er utryg ved det

☑ <eg> luktar lunta

☑ <eg> luktar lunta

☑ <eg> gillar inte utsiktene

↔ <me> dæmar hetta einki



Veforðabókin í snjallsíma.

Þau merku tímamót urðu á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, að fyrsta útgáfa ISLEX-veforðabókarinnar var formlega opnuð. ISLEX er íslensk-norræn veforðabók sem unnin var í samvinnu stofnunarinnar við Háskólann í Gautaborg, Háskólann í Bergen og Det Danske Sprog- og Litteraturselskab (DSL) í Kaupmannahöfn. Starfandi hefur verið sérstök samráðsnefnd allra aðildarstofnana og hafa Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson verið fulltrúar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í þeirri nefnd. Verkefnisstjóri ISLEX er Halldóra Jónsdóttir og aðalritstjóri er Þórdís Úlfarsdóttir.

Í tengslum við opnunina í Reykjavík var haldið málþing um gildi verkefnisins fyrir norrænt málasmstarf og málskilning milli landanna. 23. nóvember var ISLEX opnað í Háskólanum í Gautaborg við hátíðlega athöfn og 1. desember var opunarathöfn í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn.

Á árinu var lokið við að fullvinna íslenska orðaforðann í ISLEX. Eftir var að ganga frá nokkrum öðrum verkþáttum, m.a. hljóðvinnslu og myndvinnslu, en styrkir fengust til að ljúka þeim. Vinnu við þýðingarnar á efni ISLEX var ekki fulllokið þó svo að orðabókin væri opnuð á vefnum. Í árslok 2011 var búið að þýða 80% orðaforðans á dönsku, 55% á norsku og 97% á sænsku. Notendaviðmót orðabókarinnar var endurhannað á árinu og er nú mun aðgengilegra en áður. Stofnunin naut liðsinnis hjá sérfræðingi á Det Danske Sprog- og Litteraturselskab í Kaupmannahöfn við hönnunarvinnuna.

Á árinu var unnið ótullega að því að þróa ISLEX enn frekar og huga að því að tengja fleiri tungumál við íslenska orðaforðann sem er nú um 50.000 orð. Fróðskaparsetur Færeyja kom til samstarfs um verkefnið snemma á árinu og varð færeyska með því fimmta markmál ISLEX. Einnig hófst undirbúningur að því að bæta finnsku við orðabókina í samstarfi við Háskólann í Helsinki.

HANDRIT ÞJÓÐMINJASAFNS




Gestir skoða skinnbrot sem þjóðminjavörður afhenti stofnuninni til varðveislu.

Á ársfundi stofnunarinnar 11. maí 2011 afhenti þjóðminjavörður henni til varðveislu öll skinnbrot sem eru í eigu Þjóðminjasafns. Sá atburður er til merkis um skýra framtíðarsýn Þjóðminjasafns og traust samstarf milli stofnananna. Alls er um að ræða brot úr tæplega 60 handritum, þar á meðal mörgum messusöngsbókum, og er mikill fengur og hagræði að því að þau verði nú varðveitt á sama stað og flest önnur miðalda-handrit hérlendis. Þessi handrit verða framvegis í vörslu Árnastofnunar en halda safnmörkum sínum (Þjms).

Sum þessara brota eru mjög gömul svo sem skinnblaðið nr. 241 sem Jón Borgfirðingur færði Þjóðminjasafninu að gjöf árið 1865. Á því er latnesk bæn, svonefnd Verónikubæn sem skrifuð hefur verið á blaðið nálægt 1300. Brotið var handrit júnímánaðar á vef stofnunarinnar (sjá www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_hand_handritapistlar). Hinum megin á blaðinu er máð mynd af Kristi í tignarsæti almættisins. Hann snýr beint fram og situr teinréttur í hásæti undir rauðleitum oddboga. Boginn gengur yfir og undir grænan rammann að ofanverðu og hvílir á súluhöfðum í hliðum hans. Kristur er ungur og skegglaus með krossmerktan geislabaug. Hann er klæddur grænum, ermalausum yfirkyrtli með miklum trog-mynduðum klæðafellingum.

HANDRITIN Í FRANKFURT



Haustið 2009 fór Schirn Kunsthalle í Frankfurt þess á leit við Árnastofnun að fá handrit til sýningar í tengslum við Bókasýninguna í Frankfurt. Schirn Kunsthalle er einn virtasti sýningarstaður myndlistar í Þýskalandi og því var beiðnin tekin til alvarlegrar skoðunar.

Strangar reglur gilda um lán handrita til útlanda og ákvarðanir um slíkt eru háðar samþykki stjórnvalda. Handrit eru ekki lánuð úr landi nema um veigamiklar sýningar sé að ræða er hafi ótvírætt menningarlegt gildi. Sá heiðursmess, sem Ísland skipaði á Bókasýningunni í Frankfurt í október 2011, var vitanlega stórvíðburður í menningarlífi Íslendinga og stofnunin ákvað því að verða við beiðni Schirn Kunsthalle.

Farin var sú óvenjulega leið að tengja handritin við sýningu á verkum íslensks samtímalistamanns og efna þannig til samtals milli nútíma og fortíðar. Schirn Kunsthalle valdi myndlistarkonuna Gabrielu Friðriksdóttur til þessa samstarfs við stofnunina. Átta handrit voru léð til sýningar og mynduðu hluta innsetningar Gabrielu Friðriksdóttur *Crepusculum*.

Þúið var um handritin í sérstökum sýningarkössum inni á sýningunni og þeim fylgdu upplýsingar sem prentaðar voru á

veggspjöld við innganginn í sýningarsalinn. Svo mörg íslensk handrit hafa ekki áður verið sýnd í Þýskalandi enda vakti koma þeirra mikla athygli fjölmiðla. Jafnframt var gefin út vegleg bók um sýninguna, m.a. með greinum um handritin og íslenskar fornbókmenntir. Sýningin var opnuð 28. september að sendiherra Íslands í Þýskalandi viðstöddum og stóð fram til 8. janúar.

- AM 152 fol. Skinnbók bundin í tréspjöld, 30 x 24 cm að stærð, alls 201 blöð. Handritið sjálfst er 200 blöð og talið skrifað á árunum 1500–1525, en oftasta blaðið er úr messubók frá um 1200. Efn: Íslendingasögur, fornaldar- og riddarasögur.
- AM 193 4to. Pappirshandrit frá um 1700 bundið í ljósa skinnkápu. 146 blöð, 21,3 x 17 cm. Efn: Safn prestastefnudóma (synodalia), biskupatilskipana og lagasetninga veraldlegra landstjórnarmanna frá 16. og 17. öld.
- AM 343 a 4to. Skinnbók bundin í tréspjöld, um 23 x 13 cm að stærð. 110 blöð. Talin skrifuð upp úr miðri 15. öld. Efn: Fornaldar- og riddarasögur.
- AM 382 4to. Skinnbók. Í handritinu eru nú 38 blöð (um 22 x 16 cm en sum skert) auk leifa 19 blaða. Skrifað um miðja 14. öld. Efn: Lofkvæði á latínu til Þorláks helga og Þorláks saga (B-gerð).
- AM 84 8vo. Skinnbók bundin í ósútað skinn, um 13 x 10 cm. 55 blöð. Skrifuð um miðja 16. öld. Efn: Páls saga postula hin meiri.
- AM 466 12mo. Skinnbók bundin í skinnkápu, um 12 x 9 cm. 31 blöð. Skrifað á 17. öld. Efn: Rimtal (calendarium) með útskýringu.
- GKS 3269a 4to. Skinnbók, um 21 x 17 cm að stærð. 103 blöð. Víða lýst. Skrifuð á 14. öld með viðbótum frá 17. öld. Efn: Lög.
- SÁM 66 – Melsteðs Edda. Pappirshandrit skrifað og myndskreytt af Jakobi Sigurðssyni á árunum 1765 og 1766. 235 blöð, 18,4 x 14,5 cm að stærð.

LIFANDI GAGNASÖFN

Gagnasöfn stofnunarinnar eflast á hverju ári. Stofnuninni eru færð handrit að gjöf, örnefnaskrár verða sífellt fyllri og nákvæmari, orðasöfn stækka, íðorðasöfn eflast og þjóðfræðaeftir er safnað af starfsmönnum stofnunarinnar og fleirum. Hlið er að gögnum og unnið að því að miðla þeim til almennings.

Handrit

Á ársfundi stofnunarinnar 11. maí afhenti Þjóðminjasafnið henni til varðveislu 58 skinnbrot. Stofnuninni bárust átta handrit að gjöf á árinu, jarðakaupabréf er varðar Gil í Bólstaðarhlíð og eru gefendur þau Kristín Indriáadóttir og Bjarni Ólafsson; sálmahandrit frá 19. öld sem Grétar Eiríksson gaf; fjögur rímnahandrit, handrit með Fingramálsstafrófi eftir Sólva Helgason og handrit með nokkrum líkræðum frá byrjun 20. aldar sem börn Ögmundar Helgasonar (d. 2006) og Rögnu Ólafsdóttur (d. 2011) gáfu úr safni foreldra sinna. Sveinn Einarsson færði stofnuninni til varðveislu bréf og handrit úr fórum föður síns, Einars Ól. Sveinssonar, prófessors og forstöðumanns Handritastofnunar Íslands.

Haldið var áfram vinnu við stafræna ljósmyndun og raf-ræna skráningu handrita inn í gagnagrunninn *handrit.is* og hefur Sigurgeir Steingrímsson umsjón með verkefninu eins og áður. Einnig var haldið áfram að skrá texta á fylgiseðlum Árna Magnússonar inn á *handrit.is*. Hafinn var undirbúningur að skráningu fornbréfa í handritasafni Árna Magnússonar. Umsjón hefur Guðrún Ása Grímsdóttir.

Orðaforði

Áfram var unnið að innslætti notkunardæma úr ritmálssafni. Skönnun bréfa heimildarmanna var haldið áfram þar sem frá var horfið á fyrra ári. Nokkur atrenna hefur verið gerð að tengingu orða við orðaskrá talmálssafns og efnisflokkun bréfanna.

Íðorð

Tvö ný orðasöfn bættust við á árinu, Íðorðasafn í alþjóðastjórn-málum og stjórn málafræði og Íðorðasafn í upplýsingafræði. Gerðar voru viðbætur við orðasafn um plöntuheiti og við læknisfræði, myndlist, arkitektúr og við raftækni- orðasafn og bílorðasafn. Í árslok voru um 50 orðasöfn í birtingarhluta Orðabankans. Ritstjóri er Ágústa Þorbergsdóttir.

Ríkjaheiti

Lokið var við að endurskoða eldri skrá um ríkjaheiti og birtist nýja skráin á vef stofnunarinnar í febrúar. Ari Páll Kristinsson annaðist verkefnið og hafði við það m.a. samvinnu við utan-ríkisráðuneytið.

Málfarsbankinn

Lokið var við að færa færslur Málfarsbankans yfir í nýja útgáfu sem er byggð á WordPress-bloggforritinu. Ritstjóri Málfarsbankans er Jóhannes B. Sigtryggsson.

Örnefni

Brátt verða örnefnaskrár yfir alla bæi á Íslandi orðnar staf-rænar. Í kjölfarið verður efnið gert aðgengilegt á vef stofnun-arinnar. Á vefnum er nú þegar örnefnasjá sem Landmælingar Íslands halda úti en er afurð af samstarfsverkefni milli nafn-fræðisviðs og Landmælinga.

Þjóðfræði

Hljóðritaðar voru barnagælar og nokkrar sögur sem Ólafur Halldórsson fór með. Ragnheiður Jósúadóttir afhenti geisla-disk með viðtali við Svein Kristinsson til varðveislu í safninu og Ævar Kjartansson afhenti upptöku sína af dagskrá sem haldin var í Gerðubergi til heiðurs Ásu Ketilsdóttur. Þá tók safnið við viðtölum nemenda í tveimur námskeiðum í þjóðfræði, Söfnun þjóðfræða og Hátíðir, leikur og skemmtanir. Þjóðfræðisvið tekur þátt í samstarfsverkefni undir stjórn Háskólaseturs á Skaga-strönd sem felst í rannsókn og skráningu á hljóðheimildum úr Húnaþingi vestra. Aðrir samstarfsaðilar eru Tónlistarsafn Íslands, Miðstöð munnlegrar sögu, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Forsvar ehf.

Merkilegasta viðbótin við þjóðfræðisafnið voru vaxhólkur sem hljóðritað var á á Siglufirði á árabílinu 1906 til 1909. Séra Sigurður Ægisson sóknarprestur á Siglufirði afhenti hólkana fyrir hönd Theódórs Eggertssonar en taska með 30 hólkum hafði verið geymd á heimili hans í nokkra áratugi. Hún hafði verið í eigu afa hans, Theódórs Pálssonar (1873–1957), sem kom með þá og grafófón frá Ameríku 1906. Flestir hólkarnir í töskunni höfðu verið keyptir með upptökum á en sjö hólkar voru ómerktir og vitað var að Theódór



*Margir tónlistarmenn nýta sér efni úr Þjóðfræðisafni.
Hér er leikið úr verkinu Raddir Þjóðar.*

hafði hljóðritað eitthvert efni á Siglufirði. Rósa Þorsteinsdóttir fór með hólkana sjö til Vínar þar sem þeir voru afritadír í október 2011 og reyndust vera upptökur á söng á sex hólkum. Í frétt, sem birtist í Alþýðublaðinu 2. nóvember 1960, er sagt frá vaxhólkunum á Siglufirði og sagt að Theodór hafi tekið upp „raddir nokkurra manna, sem voru vel þekktir fyrir fagran söng“. Nafngreindir eru Kristján Möller, Ásgrímur Þorsteinsson og séra Bjarni Þorsteinsson, auk þess sem sagt er að Þorleifur Þorleifsson eldri á Siglunesi hafi kveðið inn rímur. Þorleifur var heimildarmaður séra Bjarna um mörg lög sem Bjarni birti í sínu mikla Þjóðlagasafni. Upplýsingarnar í fréttinni koma nokkuð vel heim og saman við innihaldið á hólkunum en þar er þó aldrei neinn söngvari kynntur og erfitt er að greina mun á röddum í svo gömlum upptökum. Engar rímur eru kveðnar á hólkunum en á einum þeirra er vísa kveðin tvisvar. Á hinum fimm eru sungin ýmis sönglög,

flest erlend lög, en við íslenska texta. Á einum er sungið lag við ljóðið „Til Íslands 1882“ eftir Jón Ólafsson og strax á eftir lagið „Það liggur svo makalaust ljómandi á mér“ en sá texti er einmitt eftir séra Bjarna Þorsteinsson. Það má því leiða að því líkum að eini kvæðamaðurinn, sem heyrst í, sé Þorleifur á Siglunesi og að séra Bjarni syngi þarna sinn eigin texta.

Munnleg geymd

Gagnagrunnurinn Munnleg geymd veitir aðgang að Þjóðfræðiefni Árnastofnunar á vefnum. Hönnun á notendaviðmóti fyrir grunninn hófst á árinu og er langt komin. Brátt verður hægt að opna nýjan aðgang að Ísmús og um leið að mun meira hljóð- og myndefni en hægt hefur verið að nálgast í eldri gagnagrunni. Fyrstu lotu skráningar á myndbandsupptökum úr verkefninu Íslandssögur lauk en yfirfærsla efnis á vef biður eftir að vinnu við endurskoðun alls notendaviðmóts ÍSMÚSar ljúki.



Njáluhandritið Gráskinna, GKS 2870 4to, fékk nafn sitt af því að utan um það er kápa úr gráu selskinni þótt flest hárin séu nú horfin. Band Gráskinnu er talið gamalt. Eins og sjá má er bókin orðin skökk í bandinu og horn blaðanna undin og uppbrett.

RANNSÓKNIR

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun þar sem unnið er að rannsóknum á sviði íslenskra fræða. Starfsmenn vinna við rannsóknir á frumgögnum stofnunarinnar. Akademiskir starfsmenn stunda einnig sjálfstæðar rannsóknir á fræðasviðum sínum.

Einstök rannsóknaraðstaða

Fjöldi innlendra fræðimanna, kennara og stúdenta notfærði sér hið öfluga og sívaxandi rannsóknarbókasafn stofnunarinnar á sviði íslenskra fræða. Ætíð er mikil eftirspurn eftir vinnuaðstöðu, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum. Þeir voru fleiri en sjötíu á síðasta ári.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Birgit Baldwin og getur því ætíð keypt mikilvægar bækur og fylgst vel með á fræðasviðinu.

Á árinu bárust safninu óvenju stórar og miklar bóka-gjafir. Dr. Kjartan G. Ottósson, prófessor í Ósló, sem lést 2010, arfleiddi stofnunina að bókasafni sínu. Það innihélt m.a. einstaklega gott safn málfræðibóka og sérprenta sem komu í mjög góðar þarfir og eru nú á orðfræðisviði stofnunarinnar á Neshaga. Bækur um miðaldafræði og fleira dreifðust á önnur starfssvið en bækur sem ekki nýtast stofnuninni voru færðar Landsbókasafni eða bókasafninu í Reykholti. Auk þess bárust

stórar bóka-gjafir úr dánarbúum Ögmundar Helgasonar og Rögnu Ólafsdóttur og Roberts Cook. Tveir fyrrverandi starfsmenn, Einar G. Pétursson og Sverrir Tómasson, gáfu stofnuninni einnig fjölda bóka. Enn er eftir að skrá hluta bóka-gjafanna.

Skráður fjöldi í bókasafni stofnunarinnar er nú um 40.000 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Ritauki á árinu var 3.086 eintök ef skráð rit úr hinum stóru bóka-gjöfum eru talin með. Hefðbundin árleg aðföng bóka voru alls 516 titlar en þar af fékk stofnunin 97 bækur að gjöf eða í ritaskiptum.

Rannsóknarverkefni

Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti.

Karl Óskar Ólafsson, Johnny Lindholm og Katelin Parsons luku hvert um sig við að lýsa handritum sem valin höfðu verið af þremur svæðum á landinu og fara lýsingarnar, að lokinni yfirferð, inn á vefinn www.handrit.is. Katelin Parsons var falið að skoða nánar íslenskt handrit í Winnipeg en myndir af því handriti voru notaðar við útgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar á Árnastofnun og handritinu lýst lauslega aftast í öðru bindi útgáfunnar. Einar G. Pétursson, rannsóknarprófessor á Árnastofnun, hafði farið til Winnipeg fyrir nokkrum árum og taldi víst að fleiri íslensk handrit væru varðveitt á safninu. Katelin komst að þeirri niðurstöðu að þar væri að finna allt að 100 óskráð handrit. Þetta vakti að vonum athygli og nú hefur

Íslenskudeildin í Winnipeg ákveðið að styrkja útgáfu handrita-
skrár yfir íslensk handrit varðveitt í Winnipeg. Verkefnið er styrkt
af Rannsóknarsjóði. Verkefnisstjóri Margrét Eggertsdóttir.

Pórunn Sigurðardóttir fann áður óþekkt kvæði eftir
Hallgrím Pétursson við athugun sína á myndum
af handritinu Ihre 77 sem varðveitt er í lhreska
handskriftssamlingen í Uppsala Universitetsbibliotek.
Um er að ræða erfikvæði sem Hallgrímur orti eftir Vigfús
Gíslason sýslumann á Stórolfshvoli sem lést árið 1647 og
birti Pórunn kvæðið í grein í Griplu á árinu.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Unnið var áfram að fimmta bindi Ljóðmæla Hallgríms á árinu
en einnig hóf Margrét Eggertsdóttir vinnu við nýja útgáfu
verka Hallgríms fyrir almenning, með nútímafastsetningu og
skýringum, sem stofnunin mun gefa út í samvinnu við JPV
bókaútgáfu.

Breytileiki Njáls sögu

Á árinu hófst vinna við rannsókn á breytileika Njálu með
aðferðum málvísinda, bókmenntafræði, handrita- og texta-
fræði. Rannsókninni er einkum beint að þeim þáttum í
varðveislusögu Njálu sem hafa hlotið fremur litla athygli, svo
sem elstu brotum sögunnar, handritinu Gráskinnu og pappírs-
handritum frá síðari öldum, og hún tekur mið af nýjum kenn-
ingum sem leggja áherslu á breytileika texta í handritum.
Verkefnið mun mynda grunn að rafrænni gagnaveitu um
Njáls sögu og nýrri útgáfu sögunnar. Verkefnið er styrkt af
Rannsóknarsjóði. Verkefnisstjóri Svanhildur Óskarsdóttir.

Bragi – óðfræðivefur

Haldið var áfram þróun vefsins á árinu og kom Bjarki M. Karls-
son að forritun hans. Jafnframt var hafinn undirbúningur að
samstarfi við skjala- og bókasöfn á landsbyggðinni.

Orðafar og orðaforði í íslenskum blaða- og nytjatextum á tímabilinu 1870–1920

Aflað hefur verið texta frá Landsbókasafni - Háskólabókasafni
og unnið að leiðréttingu þeirra, bæði vélrænt (2 umferðir)



Hið áður óþekkt kvæði Hallgríms Péturssonar
er varðveitt í Svíþjóð.

og handvirkt (7–9% efnisins). Samhliða hefur verið unnið að
þróun vélræns leiðréttingarbúnaðar. Þeim textum, sem lengst
eru komnir (um 300 þúsund lesmálsorð), hefur verið komið
fyrir í *Íslensku textasafni*. Safnið geymir alls um 5,5 milljónir
lesmálsorða. Vinna við gögnin hefur tengst rannsóknar- og
þróunarverkefnum og að mestu leyti verið kostuð af styrkjum
til þeirra: *Efning Textasafns Orðabókar Háskólans fyrir orð-
fræðirannsóknir* (Guðrún Kvaran og Sigrún Helgadóttir).
Íslenska við aldhvörf. Erlend máláhrif í lok 19. og 20. aldar
(Ásta Svavarsdóttir). *Leiðrétting á ljóslesnum textum* (Kristín
Bjarnadóttir). *Hugbúnaður fyrir handleiðréttingu ljóslesinna
texta* (Guðrún Kvaran). *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku
máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals* (Ásta Svavarsdóttir).

Samhengisháð villuleiðrétting

Verkefnið fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og frá
Vinnuálastofnun sumarið 2011. Verkefnið er framhald af
sumarverkefni 2010, *Leiðrétting ljóslesinna texta*. Umsjónar-
menn Nýsköpunarsjóðsverkefnisins: Sven P. Sigurðsson og
Kristín Bjarnadóttir. Verkefnisstjóri: Kristín Bjarnadóttir. Starfs-
menn: Jón Friðrik Daðason og Kristján Rúnarsson. Verkefnið
var tilnefnt til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2012 og
hlaut styrk úr Samfélagsjóði Landsbankans í nóvember 2011.



Stofnunin gaf út afmælisrit til heiðurs Sverri Tómassyni, Jónínu Hafsteinsdóttur og Einari G. Péturssyni.

Gagnagrunnur fyrir Talmálssafnið

Sumarið 2011 veitti Vinnuálagstofnun styrk til eins mánaðar vinnu við forritun til að koma hinu skannaða bréfasafni Orðabókarinnar fyrir í gagnagrunni. Hugmyndin var að tengja saman myndir af bréfunum og heimildarmannalista og orðalista úr gamla gagnagrunninum, eftir því sem tíminn entist til. Afraksturinn er frumgerð að gagnagrunni þar sem gert er ráð fyrir listum um orðasambönd, heimildarmenn, bréf, þætti og höfunda þeirra, og tengingu mynda- og textaskráa við bréf og þætti. Þá er reiknað með að hægt sé að bæta efni af seðlunum við síðar, eftir því sem ástæða þykir til.

Mörkuð íslensk málheild

Á árinu 2011 var unnið við þessa verkþætti sem tengjast málheildinni: Talmálsefni, sem verður hluti af málheildinni, var gert leitarbært. Textar málheildarinnar voru tengdir við efni úr Íslensku orðaneti. Unnið var við að tengja bókfræðilegar upplýsingar við leitarstrengi. Unnið var að staðalmálheild með um einni milljón orða þar sem mörk og nefnimyndir eru handleiðrétt. Nú hafa verið markaðir textar og gerðir aðgengilegir til leitar með um 17,6 milljónum orða af riflega 26 milljónum orða sem hefur verið safnað til málheildarinnar. Vinna verkefnisstjóra hefur verið fjármögnuð undanfarið af öndvegisstyrknum Hagkvæm máltækni utan íslensku og Evrópuverkefninu META-NORD. Vinna forritara og stúdenta við málheildina og staðalmálheild var fjármögnuð af META-NORD-verkefninu árið 2011. Vinna við að tengja málheild við gögn Íslensks orðanets var fjármögnuð af Rannsóknasjóði Háskólans.

Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet er orðabókarleg lýsing á íslenskum orðaforða þar sem margvísleg vensli orða og orðasambanda eru í brenni-depli. Efniviðurinn er að stofni til sóttur til *Stóru orðabókarinnar um íslenska málnotkun* og til gagnasafna sem á sínum

tíma urðu til á Orðabók Háskólans. Á árinu 2011 var áfram lögð áhersla á greiningu orðavensla með hliðsjón af hliðskipuðum samböndum, einkum meðal nafnorða. Í sérstöku tilrauna-verkefni, sem styrkt var af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, var merkingarflokkun orðanetsins tengd við Markaða íslenska málheild. Verkefnið var skipulagt í samstarfi við Sigrúnu Helgadóttur. Afrakstri greiningarinnar var komið á framfæri á vefsíðunni www.ordanet.is. Umsjón með orðanetinu hafa Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir. Ragnar Hafstað annaðist sem fyrr forritun og tæknivinnu við verkefnið.

Hagkvæm máltækni utan ensku - íslenska tilraunin

Meginmarkmið verkefnisins, sem naut öndvegisstyrks Rannis 2009–2011, er að þróa vísindalegar máltækniáferðir sem henta auðlindalitlem tungumálum, einkum beygingamálum. Verkefnisstjóri er Eiríkur Rögnvaldsson. Kristín Bjarnadóttir var meðumsækjandi og einnig tekur Sigrún Helgadóttir þátt í verkefninu.

META-NET

Stofnunin, orðfræðisvið, á aðild að Máltæknisetri. Setrið tekur þátt í META-NORD sem er tveggja ára verkefni sem hófst 1. febrúar 2011 og er hluti af META-NET sem tekur til allra ríkja Evrópusambandsins og tengdra ríkja. Verkefnin eru styrkt af 7. rammaáætlun Evrópusambandsins og stefnumótunaráætlun sambandsins á sviði upplýsingatækni (ICT Policy Support Programme). Markmið verkefnanna er að skapa tæknilegar forsendur fyrir margmála upplýsingasamfélagi í Evrópu þar sem allir geti notað móðurmál sitt við öflun og úrvinnslu hvers kyns upplýsinga. Síðastliðið ár var unnið við að gera yfirlit yfir ýmis málöggn (málföng). Sjá <https://vefir.hi.is/metanord/>. Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Helgadóttir eiga aðild að verkefninu og starfsmaður þess, Kristín M. Jóhannsdóttir, hafði vinnuáðstöðu í stofnuninni.



Útgáfubækur ársins

Gripla 22

Gripla 22 kom út í desember 2011. Greinar í Griplu eru nú metnar til 15 stiga í vinnumati HÍ. Gripla 2011 var samþykkt inn í alþjóðlegan gagnagrunn vísindatimarita: Elsevir. Ritstjóri Gísli Sigurðsson.

Orð og tunga 13

Í 13. árgangi tímaritsins birtust greinar um efni sem flutt var á málþingi helguðu Ásgeiri Blöndal Magnússyni orðabókarstjóra og síðar forstöðumanni Orðabókar Háskólans 7. nóvember 2009. Í heftinu eru átta greinar um íslenskan orðaforða og orðsifjar. Auk þeirra eru birtar stuttar umsagnir um nýlegar bækur á sviði orðfræði og nafnfræði. Ritstjóri Guðrún Kvaran.

Handbók um íslensku

Handbókin kom út í byrjun apríl. Bókin geymir hagnýtar leiðbeiningar um málnotkun, stafsetningu, ritun og ritgerðasmíð en einnig eru í henni yfirlitskaflar um ýmis svið íslensks máls. Meðal höfunda efnis voru ýmsir starfsmenn Árnastofnunar. Handbókin hlaut góðar viðtökur og var meðal annars söluhæsta bókin í Eymundsson vikuna 18.–24. maí. Önnur prentun af bókinni var gefin út í byrjun júní. Ritstjóri Jóhannes B. Sigtryggsson.

Sagan upp á hvern mann

Á árinu kom út rit Rósu Þorsteinsdóttur, *Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra*. Í bókinni er fjallað um heimssýn í ævintýrum og sagnasjóðum nokkurra manna sem sagt hafa ævintýri sín og sögur inn á segulbönd sem varðveitt eru í þjóðfræðisafni stofnunarinnar. Úrval sagnanna er prentað í bókinni en einnig er hægt að hlusta á sögurarnar á vef stofnunarinnar.

Fjöruskeljar

Ritið var gefið út í tilefni sjötugsafmælis Jónínu Hafsteinsdóttur. Í bókinni eru birtar yfir 20 greinar sem fjalla á einn eða annan hátt um örnefni frá sjónarhóli málfraði, fornleifafræði, þjóðfræði, jarðfræði og fleiri greina. Umsjón með útgáfunni hafði Hallgrímur J. Ámundason.

Tækileg vitni

Ritið var gefið út í tilefni sjötugsafmælis dr. Sverris Tómassonar rannsóknarprófessors. Í bókinni eru 28 ritgerðir Sverris frá tímabilinu 1974–2009 og hún geymir fjölbreyttan vitnisburð um túlkun hans á íslenskum fornbókmenntum. Greininum fylgir eftirmáli höfundar þar sem við á en umsjón með útgáfunni hafði Svanhildur Óskarsdóttir.

Hulin pláss

Ritið kom út í tilefni sjötugsafmælis dr. Einars G. Péturssonar rannsóknarprófessors og geymir úrval ritgerða sem Einar hefur samið á 35 ára ferli á stofnuninni. Ritgerðirnar eru 19 og skiptast í tvo flokka: íslensk fræði og breiðfyrir fræði. Umsjón með útgáfunni hafði Guðrún Ása Grímsdóttir.

Studier i AM 557 4to. Kodikologisk, grafonomisk och ortografisk undersökning av en isländsk sammelhandskrift från 1400-talet

Höfundur er Lasse Mårtensson. Hann fjallar um efni handritsins AM 557 4to (Skálholtsbókar) og upphaflega niðurskipan þess. Farið er rækilega í saumana á stafagerð, táknbeitingu og stafsetningu handritsins og niðurstöður þeirra athugana notaðar til að ákvarða fjölda rithanda og ritunartíma handritsins. Hér er um að ræða mikilsvert framlag til handritafræðisránsókna almennt og þekkingar á íslenskum handritum á 15. öld sérstaklega. Umsjón með útgáfunni hafði Guðvarður Már Gunnlaugsson.



Stofnunin annast skrifstofuhald fyrir örnefnanefnd. Á myndinni má sjá skilti sem á stendur Skothúsvegur. Nafnið er dregið af húsi sem Skotfélag Reykjavíkur átti. Þar er nú Suðurgata 35. Það var kallað Skothúsið í daglegu tali en hét fullu nafni Reykjavíg Skydeforenings Pavillon.

SAMSTARF INNANLANDS

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leggur ríka áherslu á virkt samstarf og góð tengsl við almenning, heimildarmenn, fyrirtæki og stofnanir.

Samstarf við stofnanir og fólk um allt land

Söfnun örnefna, þjóðfræða og orðasafna byggist á góðu samstarfi við heimildarmenn víðs vegar um landið og á stofnunin marga vildarvini sem efla söfn stofnunarinnar með þekkingu sinni. Nafnfræðisvið hefur samstarf við ótal einstaklinga á sviði örnefnamála. Örnefnaskrár einstakra jarða eða svæða eru lagfærðar, endursamdar eða upplýsingum bætt við. Ný örnefni eru skráð og skýrð, eldri sömuleiðis. Þetta samstarf skilur eftir þekkingu á sviðinu sem nýtist víða, ekki síst í kortagerðarmálum. Stofnunin er einnig í góðu samstarfi við

ýmsar stofnanir og fræðasetur á landsbyggðinni og á fulltrúa í stjórn sumra þeirra. Nefna má sem dæmi Snorrastofu, Miðstöð munnlegrar sögu, Rannsóknastofu í máltileinkun, Máltæknisetur, Þórbergssetur, Sarp og Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Hér verða nefnd nokkur dæmi um samstarfsverkefni stofnunarinnar.

Örnefnanefnd

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999. Hallgrímur J. Ámundason og Þórunn Sigurðardóttir sitja í örnefnanefnd og er Þórunn formaður. Á árinu 2011 samþykkti örnefnanefnd 16 nöfn á nýbýlum og heimilaði nafnbreytingu á tveimur lögbylum. Stofnunin sér um skrifstofuhald fyrir örnefnanefnd.

Íslensk málnefnd

Íslensk málnefnd starfaði samkvæmt 9. grein laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til 31. ágúst 2011. Síðan hefur hún starfað samkvæmt 6. grein laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er áfram skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Verkefni Íslenskrar málnefndar eru tilgreind í lögnum en skipan nefndarinnar breyttist lítillega (sjá althingi.is). Formaður er Guðrún Kvaran og varaformaður Haraldur Bernharðsson tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra. Vinnuhópur sá sem skipaður var 2009 heldur að jafnaði fundi mánaðarlega. Mennta- og menningarmálaráðuneytið á þar tvo fulltrúa og Íslensk málnefnd þrjá.

Málnefndin hélt árlegt málrættarþing 12. nóvember 2011 undir yfirskriftinni „Æska í ólestri – mál okkar allra“ og fylgdi þemanu eftir í lögboðinni árlegri ályktun um stöðu íslenskrar tungu (sjá heimasíðu Málnefndarinnar: isleskan.is).

Málnefnd um íslenskt tákn má

Stofnunin er skrifstofa Málnefndar um íslenskt tákn má sem starfar skv. 6. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Nefndin var skipuð í fyrsta sinn 28. október 2011. Ari Páll Kristinsson er varaformaður nefndarinnar.

Orðanefndir

Orðanefndir í arkitektúr og atferlisgreiningu hafa fundað reglulega hjá málræktarsviði og einnig hefur formaður orðanefndar læknafélaganna haft þar aðstöðu og verið í hlutastarfi við endurbætur á orðasafninu í læknisfræði. Þá hefur Ágústa Þorbergsdóttir einnig verið í samstarfi við fleiri orðanefndir, s.s. orðanefndir í landslagsarkitektúr, bilorðanefnd, orðanefnd í umhverfisfræðum og orðanefnd í menntunarfræðum.

Landmælingar Íslands

Meginsamstarfsaðili nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni.

Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn

Gagnagrunnurinn www.handrit.is er samstarfsverkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn.



Stofnunin er skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Málnefndin ályktar árlega um stöðu íslenskrar tungu.



Stofnunin er skrifstofa Málnefndar um íslenskt tákn má. Mennta- og menningarmálaráðherra myndar tákn má menningu.

Hið íslenska fornritafélag

Gerður var samningur milli stofnunarinnar og Hins íslenska fornritafélags í desember 2011 um samstarf og framtíðar-fyrirkomulag ritraðarinnar Íslensk fornrit. Tekið verður upp fastara form þeirra margvíslegu samskipta sem verið hafa milli félagsins og stofnunarinnar sem felist meðal annars í eftirfarandi: a) Stofnunin tilnefni einn fulltrúa í stjórn félagsins. b) Lokið verði útgáfu núverandi ritraðar félagsins með hliðstæðri samvinnu aðila og verið hefur. c) Stofnunin verði meðútgefandi félagsins að nýrri ritröð ÍF sem þegar er hafinn undirbúningur að. d) Þegar stofnunin fær nýtt og rýmra húsnæði til umráða verði ritstjórn félagsins ætlað framtíðarheimili innan veggja hennar. Þórður Ingi Guðjónsson er ritstjóri Íslenskra fornrita. Hann hefur aðstöðu á stofnuninni og heyrir undir handritasviði.

MÍÐLUN OG KENNSLA



Norrænir stúdentar kynna íslenskri tungu og menningu á sumarnámskeiði sem stofnunin hefur umsjón með.

Stofnunin rættar þjónustuhlutverk sitt við íslenskan almenning, hvað varðar íslenska tungu og málrækt, örnefni og íslenskan menningararf, handritamenningu og þjóðfræði. Starfsmenn stofnunarinnar veita almenningi þjónustu og ráðgjöf, svara fyrirspurnum sem berast símleiðis, í tölvupósti eða um heimasíðu, halda fyrirlestra og sjá um námskeið heima og erlendis.

Vefur Árnastofnunar

Frumgögn stofnunarinnar eru að miklu leyti aðgengileg í gegnum vef stofnunarinnar, *árnastofnun.is*. Hægt er að skoða myndir af handritum, hlusta á sögur og kveðskap og fletta upp í gögnum um orð og örnefni. Aðgangur er að fleiri gagnagrunnum og skráum sem stofnunin viðheldur. Skandinavíska veforðabókin ISLEX bættist í hópinn á árinu en ókeypis aðgangur er að orðabókinni sem og öðrum gagnagrunnum stofnunarinnar. Handrit mánaðarins er nýjung á vefnum og fastur liður líkt og orð vikunnar, örnefni mánaðarins og viðburðir og fréttir á sviði íslenskra fræða.

Icelandic Online

Þáttakendur verja skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið Icelandic Online 1 með góðum árangri. Þetta er nú einnig gert að skilyrði fyrir þátttöku í vetrarnámi við háskólann og hefur reynst vel. Í lok árs 2011 voru 90.000 þátttakendur skráðir notendur Icelandic Online. Notendurnir eru víða í heiminum. Slóðin er: www.icelandiconline.is.

Nordkurs

Stofnunin annaðist norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands 6.–30. júní. Þátttakendur voru 31. Íslensku-tímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestra um menningu og sögu.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

– námskeið fyrir þýðendur á vegum Evrópusambandsins

Með fram alþjóðlegu sumarnámskeiði stofnunarinnar gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna námskeiði fyrir 25 þýðendur frá Evrópusambandinu dagana 4.–29. júlí. Nemendurnir sátu 70 kennslustundir í íslensku máli og 10 fyrirlestra um sögu og samfélag, bókmenntir og listir.

Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Stofnunin gekkst fyrir sex vikna námskeiði í íslensku fyrir 15 stúdenta frá Norður-Ameríku í samvinnu við University of Minnesota, dagana 23. maí – 1. júlí. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík.

Dagur íslenskrar tungu

Jóhannes B. Sigtryggsson sá ásamt Rósu Sveinsdóttur um að skipuleggja dagskrá á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2011 fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 4.–29. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Alls var kennt í 80 stundir á námskeiðinu, 70 stundir íslenskt mál og 10 stundir saga og samfélag, bókmenntir og

listir. Þátttakendur voru 32 frá 14 löndum og komust færri að en vildu. Flestir þeirra komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmennt af íslenskum ættum sem dvöldust sumarið 2011 hér á landi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 14.–23. júní.

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegum dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu í boði stofnunarinnar sem hún nefndi „Guðir og girnd“. Fjallaði Gerður Kristný um bók sína Blóðhófnir og sagði frá Skirnismálum. Um 80 manns sóttu fyrirlesturinn.

Vappaðu með mér Vala

Dagskráin Vappaðu með mér Vala var haldin í menningar- miðstöðinni Gerðubergi í mars í samstarfi við Gerðuberg, Kvæðamannafélagið Iðunni og Strandagaldur. Þar var kveðið, sungið og dansað til heiðurs Ásu Ketilsdóttur, kvæða- og sagnakonu, auk þess sem hún kom sjálf fram og æskuteikningar hennar voru sýndar. Dagskráin var hluti af Hugvísindamars og Rósa Þorsteinsdóttir sá um undirbúning fyrir stofnunina.

Örnámskeið í handritalestri

Í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands bauð hugvísindasvið háskólans almenningi upp á nokkur örnámskeið á ýmsum sviðum hugvísinda 5. mars. Guðvarður Már Gunnlaugsson og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson kenndu undirstöðuatriði í lestri íslenskra miðaldahandrita og létu þátttakendur spreyta sig á að lesa stutta texta úr handritum.

Jón Sigurðsson og bláu miðarnir

Stofnunin gekkst fyrir málþingi um fræðimanninn Jón Sigurðsson á dánardegi hans 7. desember, í samvinnu við afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar. Á þinginu héldu þau Bragi Þ. Ólafsson, Margrét Gunnarsdóttir, Már Jónsson, Sigríður Hjördís Jörundsóttir og Sverrir Tómasson erindi um handrita-söfnun Jóns, rannsóknir hans og útgáfustörf.



Úr bókinni
Dans vil ég heyra.

Dans vil ég heyra

Efni úr Þjóðfræðisafni kom út á geisladiski sem fylgir með bókinni *Dans vil ég heyra: sagnadansar og lausavísur handa börnum*. Eva María Jónsdóttir tók saman og Óskar Jónasson myndskreytti. Mál og menning gaf út.

Möguleikhúsið

Rósa Þorsteinsdóttir tók þátt í samstarfi við Möguleikhúsið sem fólst í því að skrifa og setja upp barnaleikrit sem byggt er á efni úr Þjóðfræðisafninu. Leikritið, *Gýpugarnagaul*, var frumsýnt 3. apríl 2011.

Vísindavaka Rannís

Stofnunin tók þátt í Vísindavöku Rannís 2011. Alþjóðasvið kynnti þar íslenskukennslu í háskólum erlendis og vefnámskeiðin Icelandic Online. Gerður var upplýsingabæklingur, *Íslenska sem annað mál*, þar sem eru m.a. fróðleikspunktur um íslenskukennslu á heimsvísu og áhugavaka í íslenskunámi. Við kynninguna naut alþjóðasviðið aðstoðar erlendra nemenda við Háskóla Íslands sem stunda nám í íslensku sem öðru máli og njóta til þess styrks frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Vísindavefur

Guðrún Kvaran svaraði á sjöunda tug spurninga fyrir Vísindavef Háskóla Íslands. Auk hennar áttu Guðrún Ása Grímsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson, Hallgrímur J. Ámundason, Jón Hilmar Jónsson og Úlfar Bragason þar pistla á árinu.

Málþing um handritarannsóknir

Málþing um handritarannsóknir var haldið 25. febrúar. Þar var fjallað um skinnaverkun, bókagerð og ytri einkenni handrita en fyrirlesarar voru Þóra Björg Sigurðardóttir, Grétar Rúnar Skúlason, Már Jónsson og Susanne M. Fahn.

Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 10.–18. ágúst var 8. alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Reykjavík. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Háskóla Íslands og háskólana í Tübingen, Zürich og Cambridge. Skólann sóttu að þessu sinni 59 meistara- og doktorsnemar



Úr sýningu Möguleikhússins, *Gýpugarnagaul*. Leikritið var m.a. samið upp úr efni Þjóðfræðisafns.



Á Vísindavöku kynnti stofnunin íslenskukennslu erlendis og vefnámskeið.



Sýnikennsla í verkun bókfells á sumarskóla í handritafræðum.

af 18 þjóðernum. Nemendurnir fengu meðal annars innsýn í gerð handrita og stóð Jiri Vnoucek, forvörður við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn fyrir sýnikennslu í verkun bókfells. Skólastjóri var Svanhildur Óskarsdóttir en auk hennar leiddu hópavinnu þau Margrét Eggertsdóttir og Guðvarður Már Gunnlaugsson. Aðrir fyrirlesarar úr hópi stofnunarfólks voru Guðrún Nordal, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Rósa Þorsteinsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.

Handritasýning í Þjóðmenningarhúsi

Sýningargestir hússins árið 2011 voru 24.070 og munu flestir þeirra hafa skoðað handritasýninguna. Fræðslustarfið á sýningunni var með venjubundnu sniði og sótti fjöldi nemenda frá miðstigi grunnskóla til háskólastigs sýninguna. Margir þeirra koma frá útlöndum og má geta þess að Svanhildur Gunnars-

dóttir safnkennari stofnunarinnar tók á móti 38 hópum erlendra nema á árinu, þar af 667 dönskum menntaskólakennum í 23 hópum.

Norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum

– Viking and Medieval Norse Studies

Stofnunin tekur þátt í að koma á fót norrænni meistaranámsbraut í víkinga- og miðaldafræðum ásamt Háskóla Íslands, Árósháskóla, Kaupmannahafnarháskóla og Óslóarháskóla. Styrkur fékkst frá Norrænu ráðherranefndinni til að koma brautinni á fót og hefur Haraldur Bernharðsson starfað að undirbúningi hennar en Gisli Sigurðsson á sæti í fagráði fyrir hönd stofnunarinnar. www.oldnorse.is.



Erindaröðinni Góssið hans Árna var hleypt af stokkunum fyrsta vetrardag.

Góssið hans Árna

Í tilefni af því að handritasafn Árna Magnússonar er nú á sérstakri varðveisluskrá UNESCO var stofnað til erindaraðar í bókasal Þjóðmenningarhússins um handrit úr safninu og ber hún yfirskriftina *Góssið hans Árna*. Röðinni var hleypt af stokkunum laugardaginn 22. október að sendiherra Dana viðstöddum. Erindin hafa síðan verið haldin á miðvikudögum í hádeginu og það handrit, sem til umfjöllunar er hverju sinni, haft til sýnis í glerskáp í salnum. Fyrsta erindið flutti Guðrún Nordal forstöðumaður en aðrir fyrirlesarar á árinu voru Guðrún Ása Grímsdóttir, Yelena Sesselja Helgadóttir, Guðrún Kvaran og Sverrir Tómasson.

Kennsla við Háskóla Íslands

Starfsmenn kenna jafnan námskeið á fræðasviði sínu við Háskóla Íslands. Haraldur Bernharðsson kenndi Forníslensku á haustmisseri og Skrift og handrit á vormisseri. Svanhildur Óskarsdóttir og Jóhannes B. Sigtryggsson kenndu Handritavinnu á vormisseri. Gísli Sigurðsson kenndi Söfnun þjóðfræða á vormisseri og Munnlega hefð og íslenskar fornsögur og kvæði á haustmisseri. Rósa Þorsteinsdóttir hafði umsjón með og kenndi á námskeiðinu Þjóðlagaakadémía 2011 sem haldið er af stofnuninni og Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar

á Siglufirði í samvinnu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið Íðorðafræði í Þýðingafræði. Hún kenndi einnig samnorrænt íðorðanám-skeið í fjarkennslu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; Copenhagen Business School; Syddansk Universitet, Kolding; Norges Handelshøyskole, Bergen; Vasa Universitet, Vasa og Terminologisentrum TNC, Stokkhólmi. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson hélt fyrirlestur um íslensku 16. nóvember í námskeiðinu Íslensk menning í Háskóla Íslands. Guðrún Kvaran var gestakennari í MA-námskeiðinu Nordisk sprogpolitik og internordisk kommunikation á haustmisseri. Ásta Svavarsdóttir og Sigrún Helgadóttir kynntu málgögn og gagnasöfnun hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í námskeiðinu Rannsóknir og rannsóknaraðferðir á vormisseri.

Margir nemendur Háskóla Íslands nutu góðs af leiðbeiningu starfsmanna stofnunarinnar við vinnu að lokaritgerð eða unnu rannsóknarverkefnið í stofnuninni.

Úlfar Bragason situr í stjórnarnefnd M.A. náms í miðaldafræðum á ensku sem hófst 2005. Námið hefur verið vinsælt meðal erlendra stúdenta og gengið vel. Nokkrir starfsmenn stofnunarinnar kenndu á árinu 2011 á námskeiðinu um fræði sín.



Ótalmargar steintegundir er að finna í umhverfinu. Hvaða iðorð lýsa þeim? Iðorðastarf í jarðfræði var meðal sumarverkefna 2011.

SUMARIÐ 2011

Stofnunin iðaði af lífi sumarið 2011. Starfsmönnum fjölgaði um tuttugu tímabundið yfir sumarmánuðina og var unnið að fjölbreyttum verkefnum á öllum sviðum stofnunarinnar. Störfín voru á vegum Vinnumálastofnunar, Nýsköpunarsjóðs námsmanna, Þjóðhátíðarsjóðs og Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Sumarstarfsmennirnir fengu dýrmæta þjálfun og skildu eftir sig verðmæti á stofnuninni. Fjölbreytni verkefnanna og framlag starfsmannanna má ráða af eftirfarandi upptalningu.

Vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnulausa og nemendur

Fabio Teixidó Benedi vann að viðbótum við iðorðasafn í jarðfræði; Gunnar M. Gunnarsson vann við skráningu fornbréfa; Hrönn Konráðsdóttir skannaði örnefnaskrár; Kristján Rúnarsson vann við gagnagreiningu í verkefni um samhengisháða leiðréttingu; Lemme Linda Saukas aðstoðaði við kennslu á sumarnámsskeiðum í íslensku máli og menningu; Linda Björk Markúsardóttir skannaði bréf heimildarmanna Orðabókar Háskólans; Ólafur Dagur Skúlason vann að gagnagrunni fyrir talmálssafn Orðabókar Háskólans og við gagnagrunninn Braga; Óli Gneisti Sóleyjarsón skræði bækur í Gegni; Valgerður Hilmarsdóttir skræði handrit til birtingar á vefnum *handrit.is*; Þorvaldur H. Gröndal skræði þjóðfræðiefni til birtingar á Ísmúsvefnum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Beeke Stegmann og Þórdís Edda Jóhannesdóttir unnu að rannsókn á tilbrigðum í máli í tveimur miðaldahandritum Njáls sögu; Giovanni Verri vann við skráningu á þeim upplýsingum sem Árni Magnússon skræði á seðla og lagði með handritunum í safni sínu; Halla Þ. Óskarsdóttir vann að því að útbúa grunn með íslenskum iðorðum í byggingarverkfræði; Jón Friðrik Daðason vann við samhengisháð leiðréttingarforrit fyrir íslenskt mál; Kristín Una Friðjónsdóttir vann að rannsókn á hugtakanotkun og íslenskum iðorðum í alþjóðastjórn málum, stjórn málum og tengdum fræðigreinum.

Þjóðhátíðarsjóður

Guðrún Steinþórsdóttir og Sigríður Sæunn Sigurðardóttir slógu inn notkunardæmi úr seðlasafni Orðabókar Háskólans. Linda Björk Markúsardóttir skannaði bréf heimildarmanna Orðabókar Háskólans; Valgerður Hilmarsdóttir vann við skráningu á handritum í SAM-safni handrita stofnunarinnar.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Guðmundur Örn Leifsson og Linda Björk Markúsardóttir tengdu merkingarflokkun Íslensks orðanets við Markaða íslenska málheild; Hjördís Stefánsdóttir vann við verkefnið Efling Textasafns Orðabókar Háskólans fyrir orðfræðirannsóknir.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Starfsmenn stofnunarinnar eru í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Akademískir starfsmenn eru í miklu rannsóknarsamstarfi við erlenda fræðimenn og kennda á síðasta ári við ýmsa erlenda háskóla en einnig eru þeir iðulega fulltrúar Íslands í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi stofnunarinnar, svo sem í norrænu tungumálasamstarfi.

Alþjóðleg rannsóknarstofnun

Stofnunin er ein meginstofnana á sviði íslenskra fræða í heiminum og laðar því að sér erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir í íslenskum fræðum. Í gögnum hennar býr sérstaða stofnunarinnar á alþjóðlega vísu; þar er geymdur einstakur efniviður til rannsókna. Bókasafnið hefur eflst mjög á undanförunum árum. Ásamt gagnasöfnum stofnunarinnar dregur það að sér vísindamenn og stúdenta. Rannsóknarsamfélag stofnunarinnar er því mjög alþjóðlegt. Á árinu nutu um sextíu erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Árnastofnun um lengri eða skemmri tíma, auk þess sem erlendir stúdentar nutu rannsóknaraðstöðu og leiðsagnar starfsmanna.

Gestir í fræðimannsbúð stofnunarinnar í Hvassaleiti: Andrew Wawn frá Bretlandi, Astrid Ogilvie frá Noregi, Sylvain Lalot frá Frakklandi, Giorgio Vasta frá Ítalíu, Þorsteinn G. Indriðason frá Noregi, Eric Boury frá Frakklandi, Zoe Landale frá Kanada, Marcel Otten frá Írlandi og Imreh András frá Ungverjalandi.

Gestir í fræðimannsbúð í Þingholtsstræti: Daisy Neijman frá Bretlandi, Arthúr Björgvin Bollason frá Þýskalandi, Hannah Burrows frá Ástralíu, Seiichi Suzuki frá Japan, Monica Aasprong frá Noregi, Nelson Gerrard frá Kanada, Rory McTurk frá Bretlandi og Einar Már Jónsson frá Frakklandi.

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sendikennurum í íslensku erlendis var veitt ýmis þjónusta og upplýsingar, svo sem um kennslubækur og kennslugögn, bókaútgáfu og styrki.

Árið 2011 voru fimmtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Fyrir utan þá skóla þar sem íslensk stjórnvöld styðja íslenskukennslu er íslenskt nútímamál kennt við nokkra erlenda

háskóla af þarlandum kennurum eða Íslendingum í stunda-kennslu. Stofnunin hefur veitt þessum skólum margháttaðar upplýsingar og sent sumum þeirra bókagjafir á liðnum árum.

Á alþjóðasviði eru uppfærðar reglulega upplýsingar um háskóla sem kenna íslensku erlendis, bæði fornmálið og nútímamál. Upplýsingarnar eru aðgengilegar í gagnabanka sem vistaður er á vefnum. Í gagnabankann eru skráðir um 100 skólar sem kenna íslensku, forna og nýja, í 24 löndum. Slóðin er: www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_gagnasafn_skolaskra.

Lektorafundur

Þrítugasti og áttundi fundur íslenskukennara erlendis var haldinn í Helsinkiháskóla dagana 27.–28. maí. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Helga Hilmisdóttir lektor við skólann sá um undirbúning á staðnum. Kennararnir fengu nokkurn styrk frá stofnuninni til ferðarinnar á fundinn. Fundinn sóttu fjórtán kennarar, auk Úlfars Bragasonar.

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Úlfar Bragason situr í samráðsnefndinni ásamt fulltrúum íslensku- og menningardeildar hugvísindasviðs Háskóla Íslands.

Stúdentastyrkir mennta- og menningarmálaráðuneytis

Frá hausti 2010 hefur stofnunin annast umsýslu styrkja mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Átta nemendur fengu framhaldsstyrk og 10 nemendur hlutu styrk til að hefja nám í íslensku fyrir erlenda nemendur.

Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi. Á árinu 2011 nutu þriggja mánaða styrkja: Daisy Neijmann, kennari við University College London, til að rannsaka íslenskar bókmenntir sem fást við seinni heimsstyrjöldina og hernámið hér á landi; Seiichi Suzuki, prófessor við Kansai Gaidai háskóla í Japan, til að fást við rannsóknir á fornnorrænum bragarháttum, og Giorgio Vasta, rithöfundur í Torino á Ítalíu, til að vinna að skáldsögu sem að hluta mun gerast hér á landi.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefndin úthlutar styrkjum til samstarfsverkefna, einkum til kynningar á menningu Norðurlanda annars staðar í Evrópu, og gengst auk þess fyrir kennaraþingum í Evrópu. Samstarfsnefndin hefur einnig leitast við að efla Norðurlandafræði í Norður-Ameríku og í Asíu. Árið 2011 voru tillögur að kennslu í Norðurlandafræðum við háskólann í Hyderabad á Indlandi unnar á vegum nefndarinnar. Þá hélt nefndin ráðstefnu í Vilnius dagana 10.–12. nóvember fyrir kennara í Norðurlandafræðum við háskóla í Mið- og Austur-Evrópu.

Stofnunin á aðild að samstarfsnefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992.

Nordkursnefnd

Norræn nefnd, sem starfar með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norðurlandamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Kaupmannahöfn 8.–10. september. Úlfar Bragason og Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sátu fundinn. Úlfar Bragason er formaður nefndarinnar á árunum 2011–2013 en Háskóli Íslands annast fjármál hennar.

Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna íðorðastofnana, og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í íðorðafraði, Termdist. Ágústa Þorbergsdóttir annast þessi verkefni af hálfu stofnunarinnar og situr í stjórn Nordterm. Þá á stofnunin aðild að alþjóðlegu íðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT.

Þjóðfræði

Unnið er að undirbúningi útgáfu á kveðskap tíu íslenskra kvæðamanna í upptökum sem hljóðritaðar voru af Hallfreði Erni Eiríkssyni og Svend Nielsen við Dansk folkemindesamling á 7. áratug síðustu aldar. Árviss fundur norrænna þjóðlagafraeðinga og -safna var haldinn í Tromsø í Noregi í október. Rósa Þorsteinsdóttir sótti fundinn. Gísli Sigurðsson tók þátt í samvinnuverkefni um þjóðfræðirannsóknir á fornum textum, undir forystu háskólans í Tartu.



Stofnunin annast skrifstofuhald fyrir Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis.



Norræna ráðstefnan um skýrt mál í stjórnsýslu var vel sótt.

Skýrt mál í stjórnsýslu

Stofnunin hélt norræna ráðstefnu í október um skýrt mál í stjórnsýslu með sérstaka áherslu á lagamál (*Juridisk sprog i Norden*), í samvinnu við Nordisk Sprogkoordination og Klarsprogsgruppen. Hana sóttu um 100 þátttakendur. Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson önnuðust skipulagningu ráðstefnunnar af hálfu stofnunarinnar.

Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Ari Páll Kristinsson var fulltrúi stofnunarinnar í samstarfsneti stofnananna fyrstu níu mánuði ársins og sótti fundi þess í Kaupmannahöfn og á Grænlandi. Í október tók Jóhannes B. Sigtryggsson við þessum verkefnum. Fulltrúi Íslenskrar málnefndar á fundinum á Grænlandi var Guðrún Kvaran.

VIÐBURÐIR 2011



Margir kræktu sér í bækur á góðu verði í febrúar.



Á handritasýningunni má spreyta sig við skriftir.



Háskólakennarar í íslensku erlendis á lektorafundi.

Janúar

Svanhildur Óskarsdóttir tekur við starfi stofustjóra handrita-sviðs.

Febrúar

Stofnuninni berst bókagjöf dr. Kjartans G. Ottóssonar sem var prófessor í Ósló.

Málþing um handritarannsóknir fer fram í málstofu stofnunarinnar.

Margar bækur stofnunarinnar eru á tilboðsverði í febrúar.

Fjöldi gesta heimsækir handritasýninguna á safnanótt. Skrif-arastofan vekur athygli og gestir spreyta sig við skriftir og njóta fræðslu um bókagerð.

Þátturinn Handrit mánaðarins hefur göngu sína á vefnum.

Mars

Málþing um framtíð íslenskrar tungu í háskólasamfélaginu á Íslandi.

Málþing um mótternisma á Norðurlöndum.

Vappaðu með mér Vala. Dagskrá til heiðurs Ásu Ketilsdóttur sjötugri í Gerðubergi.

Örnámskeið í handritalestri á Hugvísindamars í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands.

Málþing Orðs og tungu.

Apríl

Fjórir áratugir eru liðnir síðan danska herskipið Vædderen lagðist að bryggju með handrit Árna Magnússonar að Flat-eyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. Konungsbók Eddukvæða er á meðal þeirra handrita sem eru til sýnis á handritasýningu stofnunarinnar.



Stúdentar og þjóðendur á námskeiði um íslenskt mál og menningu.



Sýnikennsla í verkun bókfells á sumarskóla í handritafræðum.

Mái

Kvæði eftir Hallgrím Pétursson finnst í handriti í Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Talið var að flestallt eftir Hallgrím væri komið fram og þykja þetta því mikil tíðindi.

Skinnbrot frá miðöldum eru meðal handrita sem forstöðumaður Þjóðminjasafnsins afhenti Árnastofnun til varðveislu.

Norræn orðabókaráðstefna haldin í Lundi.

Handbók um íslensku er söluhæsta bókin í Eymundsson vikuna 18.–24. maí.

Fundur íslenskulektora sem starfa erlendis haldinn í Finnlandi.

Júní

Lög taka gildi sem tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs í íslensku samfélagi.

Fjögurra vikna námskeið í íslensku máli og menningu fyrir norræna stúdenta.

Tveggja vikna námskeið í íslensku máli og menningu fyrir ungmenni af íslenskum uppruna frá Kanada og Ameríku.

Sex vikna námskeið í íslensku máli og menningu fyrir stúdenta í Norður-Ameríku.

Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í íslensku máli og menningu.

Fjögurra vikna námskeið í íslensku máli og menningu fyrir þjóðendur frá Evrópusambandinu.

Þjóðlagaakademían – námskeið um íslenska þjóðlagatónlist í tengslum við þjóðlagahátíð á Siglufirði.

Ágúst

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum. Námskeiðið fer fram í Reykjavík að þessu sinni en er haldið annað hvert ár í Kaupmannahöfn.


VIÐBURÐIR 2011



Frá opnun ISLEX í Norræna húsinu.



Verðlaunaafhending á degi íslenskrar tungu.



Við opnun sýningar í Frankfurt.

September

Fyrsta málstofa stofnunarinnar í vetur. Erindi undir hennar merkjum eru flutt mánaðarlega út veturinn.

Bragarmál er alþjóðleg ráðstefna um germanska og íslenska bragfræði. Fimmán íslenskir og erlendir fræðimenn leiða saman hesta sína.

Átta handrit eru flutt til Þýskalands á sýningu Gabrielu Friðriksdóttur myndlistarmanns í Schirn Kunsthalle í tilefni Bókasýningarinnar í Frankfurt þar sem Ísland er heiðursgestur.

Á fæðingardegi dr. Sigurðar Nordals 14. september flytur Gerður Kristný rithöfundur fyrirlestur í boði stofnunarinnar sem hún nefnir „Guðir og girnd“.

Október

Lagamál á Norðurlöndum er norræn ráðstefna sem er haldin í Reykjavík þar sem fjallað er um skýrt málfar í stjórnýslunni.

Erindaröðinni Góssið hans Árna er hleypt af stokkunum í Þjóðmenningarhúsinu fyrsta vetrardag. Guðrún Nordal flytur erindið Bók handa Helgu — Kaþólsk kvæðabók með hendi siðbótarmanns: AM 622 4to.

Málnefnd um íslenskt táknmál er skipuð í fyrsta sinn.

Guðrún Ása Grímsdóttir flytur annað erindið um góssið hans Árna: Skjalabækur að vestan: AM 196 4to.

Nóvember

Örnefni á vef - Nýjar aðferðir við söfnun og miðlun örnefna hlýtur viðurkenningu.

Góssið hans Árna: Yelena Sesselja Helgadóttir fjallar um alþjóðleg fornfræði á vegum Jóns Sigurðssonar: AM 960 4to.

Málræktarþing haldið í húsakynnum Háskóla Íslands: Æska í ólestri – mál okkar allra.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember.

Íslensk-skandinavíska veforðabókin ISLEX formlega opnuð í Norræna húsinu á degi íslenskrar tungu.

Góssið hans Árna: Guðrún Kvaran fjallar um orðabókarhandrit Jóns úr Grunnavík og sögulegar orðfræðirannsóknir: AM 433 fol.

ISLEX formlega opnað í Svíþjóð.

Desember

Jón Sigurðsson og bláu miðarnir. Málþing um fræðastörf Jóns Sigurðssonar á aldarafmæli hans.

Góssið hans Árna: Sverrir Tómasson fjallar um Nikulás sögu og Nikulás tíðir í Ærlækjarbók: AM 640 4to.

Styrkir Snorra Sturlusonar veittir í tuttugasta sinn.

Gerður er samningur við Hið íslenska fornritafélag um ritröðina Íslensk fornrit.

ISLEX formlega opnað í Danmörku.

Mynd á forsíðu

Skógarpröstur eftir Jón Baldur Hlíðberg

Myndir

Bls. 1, 3, 5, 6, 8, 11, 12, 14, 18, 23: Jóhanna Ólafsdóttir.

Bls. 2: Sigurður Ægisson.

Bls. 7: Jón Baldur Hlíðberg teiknaði selinn.

Bls. 9: Frá Schirn Kunsthalle í Frankfurt.

Bls. 13: Frá Uppsala Universitetsbibliotek.

Bls. 15, mynd t.h.: Jóhannes Long.

Bls. 17: Frá Íslenskri málnefnd, frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Bls. 20: Óskar Jónasson teiknaði, frá Möguleikhúsinu.

Bls. 21: M. J. Driscoll.

Bls. 22: Jóhanna Bergmann.

Bls. 25, efri mynd: Nina Møller Andersen.

Bls. 26-27, frá vinstri: Jóhanna Ólafsdóttir, Guðrún Harðardóttir, Veturlíði Óskarsson, William Maier, M. J. Driscoll.

Bls. 28, frá vinstri: Jóhanna Ólafsdóttir, Þorgeir Ólafsson, Þorsteinn J. Vilhálmsón.

Aðrar myndir eru úr fórum starfsmanna.

Hönnun

Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

Prentun

Svansprent

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu

101 Reykjavík

sími 525 4010

arnastofnun@hi.is

www.arnastofnun.is